

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember 2018 í máli nr. S-400/2017:

Ákærvaldið

(Ólafur Hallgrímsson saksóknarfulltrúi)

gegn

Ágústi Alfreð Snæbjörnssyni

(Gunnar Egill Egilsson lögmaður)

og Q

(Ólafur Eiríksson lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 16. nóvember 2018, var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dags. 16. júní 2017, á hendur:

„Ágústi Alfreð Snæbjörnssyni, kt. 000000-0000,
[...], Reykjavík, og

Q, kt. 000000-0000,
[...], Reykjavík,

Fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum og almennum hegningarlögum:

I.

(090-2014-000016)

Á hendur Q sem framkvæmdastjóra einkahlutafélagsins X, kt. 000000-0000, nú gjaldþrota og afskráð, frá 13. desember 2011 til 12. október 2012 og Ágústi Alfreð Snæbjörnssyni sem framkvæmdastjóra einkahlutafélagsins frá 12. október 2012 til 18. apríl 2013, með því að hafa:

1. Eigi staðið skil á virðisaukaskattskýrslu einkahlutafélagsins fyrir uppgjörstímabilið september – október rekstrarárið 2012 á lögmæltum tíma og fyrir að hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins, vegna uppgjörstímabilsins september – október rekstrarárið 2012, í samræmi við IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð kr. 18.549.048.
2. Eigi staðið skil á skilagreinum einkahlutafélagsins vegna greiðslutímabilanna nóvember og desember rekstrarárið 2012 og janúar rekstrarárið 2013 á lögmæltum

tíma og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna vegna greiðslutímabilanna september til og með desember rekstrarárið 2012 og janúar rekstrarárið 2013, samtals að fjárhæð kr. 6.656.093 hvað varðar ákærða Q og samtals að fjárhæð kr. 30.675.687 hvað varðar ákærða Ágúst Alfreð, sem sundurliðast sem hér greinir.

**Vangoldin staðgreiðsla
hvað varðar Ágúst Alfreð**

Árið 2012	
september	4.794.864
október	6.686.652
nóvember	7.654.558
desember	6.430.856
	25.566.930

Árið 2013

janúar	5.108.757
	5.108.757

Samtals 30.675.687

**Vangoldin staðgreiðsla
hvað varðar Q**

Árið 2012	
júlí	3.547.830
ágúst	3.108.263
	6.656.093
Samtals	6.656.093

II.

(090-2013-000080)

Á hendur Ágústi Alfreð Snæbjörnssyni fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum í rekstri útibús Y á Íslandi, kt. 000000-0000, nú gjaldþrota og afskráð, sem framkvæmdastjóri á tímabilinu 24. maí 2011 til 16. nóvember 2011 og sem daglegum stjórnanda útibúsins á tímabilinu 16. nóvember til 20. júní 2013, með því að hafa:

1. Eigi staðið skil á virðisaukaskattskýrslum útibúsins fyrir uppgjörstímabilin nóvember–desember rekstrarárið 2011 og janúar–febrúar rekstrarárið 2012 á lögmaeltum tíma og fyrir að hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri útibúsins, vegna uppgjörstímabilanna nóvember–desember rekstrarárið 2011, janúar–febrúar og maí – júní rekstrarárið 2012 í samræmi við IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð kr. 31.913.068, sem sundurliðast sem nánar greinir:

Árið 2011

nóv. - des. 21.447.615 kr.

Árið 2012

janúar - febrúar 175.978 kr.

maí - júní 10.289.475 kr.**Samtals kr. 31.913.068**

2. Eigi staðið skil á skilagreinum útibúsins fyrir uppgjörstímabilin júní, júlí, október og desember rekstrarárið 2011 og maí rekstrarárið 2012 á lögmæltum tíma og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna útibúsins vegna greiðslutímabilanna júní til desember rekstrarárið 2011 og janúar til og með maí rekstrarárið 2012, samtals að fjárhæð kr. 37.720.186 hvað varðar Ágúst Alfreð, sem sundurliðast sem hér greinir.

Árið 2011

Júní 4.181.846 kr.

Júlí 4.755.127 kr.

Ágúst 8.081.912 kr.

September 3.723.219 kr.

Október 4.062.381 kr.

Nóvember 3.965.150 kr.

Desember 1.925.849 kr.**30.695.484 kr.****Árið 2012**

Janúar 2.603.148 kr.

Febrúar 1.116.363 kr.

Mars 1.043.075 kr.

Apríl 1.177.834 kr.

Maí 1.084.282 kr.**7.024.702 kr.****Samtals 37.720.186 kr.****III.**

(090-2012-000115)

Á hendur Ágústi Alfreð Snæbjörnssyni fyrir skilasvik, með því að hafa þann 12. júní 2012 sem framkvæmdastjóri Y, í [...] og sem daglegur stjórnandi og prókúruhafi Y á Íslandi, kt. 000000-0000, tekið ákvörðun um og beint þeim tilmælum til starfsmanna [...]sviðs Z að greiða andvirði tveggja lokauppgjóra dagsett 5. júní 2012, sem gerð voru vegna verksamninga um [...] frá 17. september 2008 og [...] frá 20. nóvember

2009, samtals að fjárhæð 50.105.000 krónur inn á bankareikning Y á Íslandi, númer [...] hjá Ö, þrátt fyrir að ákærða hafi verið kunnugt um eða mátt vera kunnugt um að greiðslurnar væru verðsettar Þ, kt. 000000-0000. Veðréttindi Þ byggðu á yfirlýsingu um veð í almennum fjárkröfum dagsett [...] 2011, þar sem allar almennar fjárkröfur á hendur [...] sviði Z, vegna ofangreindra verksamninga, voru settar að veði til tryggingar greiðslu skulda Y á Íslandi við Þ. Samhliða yfirlýsingunni sendi Þ. Z tilkynningu um að greiðslur vegna verksamninganna skyldu lagðar inn á reikning [...], en bankareikningurinn var handveðsettur Þ. samkvæmt handveðsyfirlýsingu sem gefin var út þann 4. apríl 2011. Með þessum hætti ráðstafaði ákærði fjármunum sem Þf. hafði eignast réttindi yfir og voru ráðstafanir ákærða ósamrýmanlegar réttindum bankans sem veðhafa. Með háttsemi sinni skerti ákærði rétt Þ, til fullnustu krafna sem bankinn hafði öðlast réttindi yfir og var kröfunum skotið undan fullnustu Þ.

Framangreind háttsemi ákærða Ágústar Alfreðs samkvæmt 1. tl. I.kafla ákæru telst varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005.

Framangreind háttsemi ákærðu Ágústar Alfreðs og Q samkvæmt 2. tl. I kafla ákæru telst varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005.

Framangreind háttsemi ákærða Ágústar Alfreðs samkvæmt 1. tl. II. kafla ákæru telst varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005.

Framangreind háttsemi ákærða Ágústar Alfreðs samkvæmt 2. tl. II. kafla ákæru telst varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005.

Framangreind háttsemi ákærða Ágústar Alfreðs samkvæmt III kafla ákæru telst varða við 2. tölulið 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Verjendur ákærðu krefjast sýknu en til vara vægustu refsingar er lög leyfa og hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Undir rekstri málsins óskaði sækjandi eftir tilteknum leiðréttingum á fjárhæðum í ákæru til hagsbóta fyrir ákærðu og var það bókað í þingbók. Þá óskaði sækjandi eftir leiðréttingu á verknaðarlýsingu ákærðu og lagði fram bókun í því skyni. Verður nánar vikið að því í I. kafla í tengslum við ákærulið 2.

I.

Málsatvik

Hér á eftir verður fjallað um hvern ákærukafla fyrir sig og komist að niðurstöðu. Í I. kafla eru ákærðu báðum gefin að sök meiriháttar skattalagabrot og hegningarlagaabrot en ákærða Ágústi Alfreð einum gefin að sök slík brot í II. kafla ákæru. Í III. kafla ákæru eru Ágústi Alfreð gefin að sök skilaskvæmt 251. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

I. kafla ákæru

Með bréfi skattrannsóknarstjóra ríkisins dagsettu 28. janúar 2014 var embætti Héraðssaksóknara sent til rannsóknar mál vegna meintra brota ákærðu, sem fyrrum fyrirvarsmanna X (nú afskráð og hér eftir nefnt X), á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og á lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, með áorðnum breytingum. Til grundvallar lá rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins á skilum X á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda og innheimtum virðisaukaskatti. Lá fyrir skýrsla skattrannsóknarstjóra ríkisins varðandi rekstrarárin 2012 og 2013.

Framangreind rannsókn hófst formlega 28. júní 2013 með tilkynningu til skiptastjóra þrotabús skattaðila. Með bréfum skattrannsóknarstjóra dagsettum 25. október 2013 var ákærðu tilkynnt um lok rannsóknarinnar og fyrirhugaða ákvörðunartöku um refsimeðferð í málinu. Var ákærðu veittur frestur til þess að tjá sig um ákvörðunina á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Bárust athugasemdir frá verjanda ákærða Ágústs Alfreðs.

Rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins leiddi í ljós að vanrækt hafði verið að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil á afdreginni staðgreiðslu opinberra launamanna X. vegna greiðslutímabilanna júlí til og með desember rekstrarárið 2012 og janúar rekstrarárið 2013. Þá hafði verið vanrækt að standa innheimtumanni ríkissjóðs, á lögmaeltum tíma, skil á staðgreiðsluskilagreinum vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember rekstrarárið 2012 og janúar rekstrarárið 2013. Einnig hefði rannsóknin leitt í ljós að vanrækt hefði verið að standa innheimtumanni ríkissjóðs að fullu skil á

innheimtum virðisaukaskatti í starfsemi félagsins, vegna uppgjörstímabilanna september–október rekstrarárið 2012. Þá hefði rannsóknin leitt í ljós að vanrækt hefði verið að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil á virðisaukaskattsskýrslum vegna sama uppgjörstímabils á lögmæltum tíma.

Mat skattrannsóknarstjóra ríkisins að lokinni rannsókn var að ákærðu hefðu í krafti stöðu sinnar og með saknæmri háttsemi brotið gegn lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og eftir atvikum 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Einnig að ákærði Ágúst Alfreð hefði í krafti stöðu sinnar brotið gegn lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og eftir atvikum 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Vísað var til fyrirvars ákærðu fyrir X en þeir hefðu hvor á sínu tímabili verið framkvæmdastjóri og prókúruhafi félagsins. Var ábyrgð á staðgreiðsluskilum félagsins vegna greiðslutímabilanna september 2012 til og með janúar rekstarárið 2013 talin hafa hvílt á ákærða Ágústi. Ábyrgð á staðgreiðsluskilum félagsins vegna greiðslutímabilanna júlí og ágúst rekstrarárið 2012 hafi hvílt á ákærða Q.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 18. apríl 2013 var bú X tekið til gjaldþrotaskipta. Skiptum lauk 19. september 2014 og er félagið afskráð. Þann 16. júní 2017 gaf héraðssaksóknari út ákæru í málinu sem jafnframt tók til ákærukafla II og III.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna við aðalmeðferð málsins, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess.

Ákærði Ágúst Alfreð Snæbjörnsson kvaðst hafa verið skráður framkvæmdastjóri X frá 12. október 2012 til 18. apríl 2013 og hlutahafi í félaginu. Tilgangur innkomu hans í félagið með þessum hætti hafi verið að koma í veg fyrir frekara tjón, en fjárhagsleg staða félagsins hefði orðið mjög slæm í tíð fyrri framkvæmdastjóra, meðákærða Q. Hafi þeir báðir verið þeirrar skoðunar að meðákærði þyrfti að hætta. Kvaðst ákærði ekki hafa vitað að honum hefði verið óskýlt að skrá sig sem framkvæmdastjóra félagsins þó að meðákærði hefði hætt í félaginu. Með því hefði hann í reynd tekið á sig ábyrgð sem hann ætti ekki að bera. Kvaðst ákærði hafa, á því tímabili sem hann hefði verið skráður framkvæmdastjóri, séð um daglega stjórn félagsins og m.a. borgað skuldir. Þá hefði hann verið prókúruhafi, rétt eins og meðákærði og A, fjármálastjóri félagsins, sem jafnframt hefði séð um skattskil félagsins. Kvaðst ákærði hafa fengið rangar upplýsingar frá meðákærða um stöðu félagsins. Hefði hann hagað málum á annan hátt hefði hann haft réttar upplýsingar. Ákærði kvaðst ekki geta skýrt hvers vegna hann hefði ekki gengið út úr félaginu þegar honum hefði verið þessi staða ljós en kvaðst hafa átt að gera það.

Ákærði lýsti því að illa hefði gengið að semja um uppgreiðslu reikninga vegna tiltekinnar verkefna sem félagið hefði tekið að sér. Hafi þau verk verið komin í uppnám þegar hann hefði tekið við og litlar sem engar tekjur komið inn í félagið, a.m.k. undir lokin. Því sem hefði komið inn hefði aðallega verið varið í að greiða opinber gjöld. Hefði hann óskað þess að þær greiðslur færu inn á tímabil sem hann bæri ábyrgð á en ekki eldri gjalddaga.

Ákærði Q kannast við að hafa verið framkvæmdastjóri Y á Íslandi, á tímabilinu 13. desember 2011 til 12. október 2012, en meðákærði hefði ráðið hann. Hafi hann verið í daglegum samskiptum við hann, m.a. þegar hann hafi verið erlendis. Ákærði kannaðist þó ekki við að meðákærði hefði verið búsettur ytra á tilteknu tímabili. Hefði meðákærða verið kunnugt um fjárhagsstöðu félagsins og hefðu þeir mikið verið í sambandi til að finna leiðir til árangurs. Í júní hafi staðan verið orðin mjög erfið og lausafjárstaða alvarleg. Á árinu 2012 hefði endurskoðandi verið með í ráðum og einnig hefði félagið haft bókara. Þá hefði hann tekið ákvarðanir um forgangsroðun í samráði við meðákærða. Ákærði kvaðst hafa tekið saman skýrslu 15. ágúst 2018 um stöðu félagsins og sent meðákærða. Skýrslan hefði þó ekki fengið mikinn hljómgrunn. Hefði hann á þessum tíma viljað víkja til hliðar enda verið ljóst að eitthvað þyrfti að breytast til að unnt væri að standa við verk sem félagið hefði tekið að sér. Meðákærða hefði verið ljós staðan og haft allar upplýsingar þar að lútandi. Kvaðst ákærði ekki hafa gefið meðákærða rangar upplýsingar um skuldastöðu. Hins vegar hafi tekjuáætlun hans ekki staðist eins og vonir hefðu staðið til miðað við gefnar forsendur.

A var fjármálastjóri Y á Íslandi á þeim tíma sem um ræðir. Kvaðst hann hafa verið ráðinn til starfa af ákærða Ágústi Alfreð og hann hafi verið hans næsti yfirmaður og vitnið starfað á hans ábyrgð. Kvaðst hann hafa haft með höndum skattskil fyrir X að undirlagi forstöðumanna. Kvað hann ákærða Q hafa verið framkvæmdastjóra á tímabili en síðar hefði Ágúst Alfreð tekið við því hlutverki.

Niðurstaða

Ákæruliður 1.

Samkvæmt 1. tl. þessa ákærukafla er ákærða Ágústi Alfreð gefið að sök að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskattsskýrslu X fyrir uppgjörstímabilið september–október rekstrarárið 2012 á lögmæltum tíma og fyrir að hafa eigi staðið ríkissjóði skil á innheimtum virðisaukaskatti vegna sama uppgjörstímabils. Eindagi skilanna var eftir að ákærði hafði tekið við framkvæmdastjórn félagsins.

Ákærði staðfesti fyrir dómi að hann hefði verið framkvæmdastjóri á því tímabili sem ákæra tekur til. Hann neitar þó sök og reisir varnir sínar á því að ákærði Q hafi steypst félaginu í skuldir á þeim tíma sem hann hafi verið framkvæmdastjóri

félagsins og leynt sig raunverulegri fjárhagsstöðu þess. Hefði það orðið til þess að hann hefði tekið á sig ábyrgð umfram skyldu. Þá hefði hann sérstaklega óskað þess að innborganir inn á skattskuld færu inn á það uppgjörstímabil sem hann bæri ábyrgð á en ekki fyrri tímabil sem væru vegna eldri skulda. Með öðrum orðum að hann bæri í reynd ekki ábyrgð á umræddum skattskilum þrátt fyrir hina formlegu skráningu.

Ágreiningslaust er að skráningar um fyrirsvar ákærða í fyrirtækjaskrá RSK eru réttar og í samræmi við tilkynningar frá félaginu. Einnig er ágreiningslaust að ákærði Q hafi á þeim tíma sem um ræðir verið hættur afskiptum af fjármálum félagsins. Þá er ekki uppi tölulegur ágreiningur.

Í 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt er refsing lögð við því ef skattskyldur maður afhendir ekki á lögmæltum tíma virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða bar skylda til að innheimta. Brot samkvæmt ákvæðinu er fullframið þegar skattur, sem innheimtur var eða bar að innheimta, er ekki afhentur á réttum tíma.

Samkvæmt 1.–3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög ber félagsstjórn ábyrgð á því að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Ber hún ábyrgð á meðferð og eftirliti með fjármunum félagsins og bókhaldi. Samkvæmt framangreindum ákvæðum ber framkvæmdastjóri einnig ábyrgð og skal hann annast daglegan rekstur og sjá um að bókhald sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félags sé með tryggilegum hætti. Þannig bera félagsstjórn og framkvæmdastjóri einkahlutafélags ábyrgð á því að skattskilum sé hagað í samræmi við lög, eða í þessu tilviki í samræmi við 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með áorðnum breytingum.

Með hliðsjón af framangreindu bar ákærði ábyrgð í krafti stöðu sinnar sem framkvæmdastjóri. Ósannað er að ákærði hafi verið leyndur upplýsingum um stöðu félagsins á þeim tíma er hann tók við framkvæmdastjórn og að hann hafi ekki haft tök á að kynna sér hana eins og honum bar.

Sú staðreynd að ákærði hafi greitt inn á skattskuld félagsins og innborguninni verið ráðstafað samkvæmt venju inn á höfuðstól en ekki í samræmi við óskir hans og þar með ekki á þann hátt sem hagkvæmast hefði verið fyrir ákærða hefur ekki þýðingu við sakarmat. Vísast í þessu sambandi til dóms Hæstaréttar 22. júní 2000 í máli nr. 49/2000. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot sín. Eru brot ákærða rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Þegar litið er til fjárhæða verða brotin talin meiri háttar og því verða þau einnig heimfærð til 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæruliður 2.

Ákærðu er í ákærulið þessum gefið að sök, innan þess tímabils sem þeir fóru með fyrirvar félagsins hvor um sig, að hafa ekki staðið skil á annars vegar skilagreinum X vegna nánar greindra greiðslutímabila, hvað ákærða Ágúst Alfreð varðar, og að hafa eigi staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna, hvað þá báða varðar samkvæmt nánari sundurliðun.

Við upphaf málflutnings krafðist verjandi ákærða Q sýknu. Verknaðarlýsingu ákæruliðarins væri verulega áfátt en þar væri í ákærutexta ekki tilgreint greiðslutímabil vangoldinnar staðgreiðslu opinberra gjalda sem ákærði væri talinn bera ábyrgð á. Aðeins kæmi fram fjárhæð vangoldinnar staðgreiðslu og sundurliðun hennar hvað meðákærða varðar. Sækjandi taldi hins vegar bersýnilegt þegar ákæruliðurinn væri skoðaður í heild sinni að um augljósa villu væri að ræða þar og óskaði að bókuð yrði leiðrétting. Tjáðu verjandi og sækjandi sig um þennan ágalla á ákærinni.

Samkvæmt 1. mgr. 153. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála má ákærandi m.a. breyta ákæru með framhaldsákæru til að leiðrétta augljósar villur. Þessi leið verður hins vegar ekki farin þegar minna en tvær vikur eru til aðalmeðferðar, nema ákærði samþykki. Ákvæði þetta er heimildarákvæði og verður ekki skilið svo að leiðréttingu verði ekki komið að með bókun. Ber dómara þá að leysa úr því hvort leiðréttingunni verði komið að.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 skal meðal annars greina í ákæru hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brot var framið, heiti þess að lögum og heimfærslu þess til laga. Af þessu leiðir að verknaðarlýsing í ákæru verður að vera það greinargóð og skýr að ákærði geti ráðið af henni hvaða refsiverð háttsemi honum er gefin að sök og hvaða lagaákvæði hann er talinn hafa brotið svo að honum sé fært að taka afstöðu til sakargifta og halda uppi vörnum gegn þeim.

Samkvæmt 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 má hvorki dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Þó má sakfella ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari að vörn hafi ekki verið áfátt vegna þessa. Þannig er ljóst að ákæra er grundvöllur máls og verður að vera þannig úr garði gerð að fella megi dóm á málið samkvæmt því sem fram kemur í henni.

Eins og áður segir skortir í verknaðarlýsingu tilgreiningu á greiðslutímabilunum fyrir staðgreiðslu opinberra gjalda í júlí og ágúst 2012 sem ákærði Q er talinn ábyrgur fyrir. Af lestri ákærutextans og með hliðsjón af sundurliðun sem er hluti hans má þó ljóst vera hvaða háttsemi ákærða er gefin að sök, hver sé fjárhæð hinnar vangoldnu staðgreiðslu og greiðslutímabil hennar samkvæmt nánari sundurliðun. Þá er háttsemi ákærða færð til refsíákvæða. Framsetning sú sem hér er

vísað til í ákæru er í samræmi við viðtekna venju í uppsetningu á ákæru í sambærilegum málum.

Á rannsóknarstigi var ákærði Q eingöngu spurður um þau tímabil staðgreiðslu sem voru á eindaga á þeim tíma sem hann var skráður framkvæmdastjóri, þ.e. júlí og ágúst 2012. Til samræmis við þetta voru lögð fyrir ákærða gögn í skýrslutökum hjá héraðssaksóknara sem hann kannaðist við og kvað rétt. Jafnframt var á þeim einum byggt hér fyrir dómi. Þá viðurkenndi ákærði að hann hefði sem skráður framkvæmdastjóri borið ábyrgð á skilum opinberra gjalda í júlí og ágúst 2012.

Með hliðsjón af framansögðu fellst dómurinn á að leiðréttingu þessari verði komið við með bókun sækjanda en með henni er bætt úr augljósri villu í hluta af ákærutexta. Telur dómurinn að vörnum ákærðu sé í engu áfátt þó svo sé og ákæran uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til efnis ákæru í 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008, sbr. einkum c-lið hennar. Þykir því mega leggja efnisdóm á málið hvað þátt ákærða Q varðar.

Í 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda er lýst refsiverð sú háttsemi launagreiðanda að afhenda ekki skilagreinar vegna staðgreiðslu á lögmaeltum tíma eða inna ekki af hendi þær greiðslur vegna launamanna sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir.

Ákærðu báru ábyrgð í krafti stöðu sinnar sem framkvæmdastjórar á þeim tímabilum sem ákæra tekur til og á skattskilum innan þess tímabils. Vísast að öðru leyti til niðurstöðu í 1. tl. hér að framan en sömu rök eiga við. Verða þeir því sakfelldir fyrir brot sín.

Þegar litið er til fjárhæða verða brotin talin meiri háttar og því verða þau einnig heimfærð til 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru brot ákærðu rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

II. kafli ákæru

Með bréfi skattrannsóknarstjóra ríkisins dagsettu 4. júlí 2013 var embætti Héraðssaksóknara sent til rannsóknar mál sem m.a. vörðuðu meint brot ákærða Ágústs Alfreðs, sem fyrrum fyrirsvarsmanns Y á Íslandi (nú afskráð og hér eftir Y), á lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og eftir atvikum almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með áorðnum breytingum. Til grundvallar lá rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins á skilum Y á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda og innheimtum virðisaukaskatti. Lá fyrir skýrsla skattrannsóknarstjóra ríkisins varðandi rekstrarárin 2012 og 2013.

Framangreind rannsókn hófst formlega 17. október 2012 með tilkynningu á lögheimili skattaðila. Með bréfum skattrannsóknarstjóra dagsettum 14. janúar 2013

var ákærða tilkynnt um lok rannsóknarinnar og fyrirhugaða ákvörðunartöku um refsimeðferð í málinu. Var ákærða veittur frestur til þess að tjá sig um ákvörðunina á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og bærust athugasemdir frá verjanda hans.

Rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins leiddi í ljós að vanrækt hafði verið að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil á afdreginni staðgreiðslu opinberra launamanna Y innan lögboðins frests vegna greiðslutímabilanna frá júní til og með desember rekstrarárið 2011 og janúar til og með júní 2012. Þá hafði verið vanrækt að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil á staðgreiðsluskilagreinum vegna uppgjörstímabilanna júní, júlí, október og desember 2011 og maí og júní 2012 á lögmæltum tíma. Einnig hefði rannsóknin leitt í ljós að vanrækt hefði verið að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil innan lögboðins frests á innheimtum virðisaukaskatti í starfsemi félagsins, vegna uppgjörstímabilanna nóvember–desember 2011 og janúar–febrúar og maí–júní 2011. Þá hefði rannsóknin leitt í ljós að vanrækt hefði verið að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil á virðisaukaskattsskýrslum fyrir tímabilin nóvember–desember 2011 og janúar–febrúar 2012 á lögmæltum tíma.

Mat skattrannsóknarstjóra ríkisins að lokinni rannsókn var að ákærði hefði í krafti stöðu sinnar og með saknæmri háttsemi brotið gegn lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og eftir atvikum 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Vísað var til fyrirsvars ákærða fyrir Y, en fram kemur að hann hafi verið skráður útibússtjóri á tilteknu tímabili og eftir það hafi hann tekið við daglegri stjórnun félagsins.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2013 var bú Y tekið til gjaldþrotaskipta. Skiptum lauk [...] 2015 og er félagið afskráð.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna við aðalmeðferð málsins, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess.

Ákærði Ágúst Alfreð kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri Y í [...] frá 2009 eða 2010 og hafa þá búið ytra. Um fyrirvar Y á Íslandi hafi Q séð frá 24. maí 2011 til 16. nóvember 2011. Hafi hann verið daglegur stjórnandi og framkvæmdastjóri þess. Hann hafi því verið sá sem réð öllu en þeir hafi hins vegar rætt saman „um daglega atburði og viðburði“. Einnig hafi hann komið reglulega til landsins þó hann byggi ytra.

Hlutverk ákærða í útibúinu hafi verið „framkvæmdastjórn til stjórnar“. Ákærði taldi sig hafa fyrst stigið inn í félagið um áramótin 2012, þegar allt hafi verið komið í óefni hjá Y og samningar í uppnámi. Hefði hann komið í „slökkvistarf“, þ.e. til að bjarga félaginu.

Spurður um hver hefði borið ábyrgð á virðisaukaskattsskilum frá desember 2011 til febrúar 2012 þá kvað ákærði það hafa verið Q. Hvað varðaði ábyrgð á

skilagreinum fyrir útibúið frá júní 2011 til maí 2012 kvaðst ákærða gruna að hann bæri ábyrgð á seinni hluta þess tímabils en Q fyrri hlutanum.

Ákærði lýsti meginverkefnum Y sem hefðu verið fyrir Z. Undir lokin hafi samskipti við borgina verið erfið og illa gengið að sækja greiðslur.

Ákærði kvaðst hafa óskað eftir því þegar hefði komið að staðgreiðslu að þær fjárhæðir færu inn á eldri skuldir sem hann bæri ábyrgð á en þær hefðu farið inn á eldri gjalddaga.

Q kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri Y á tilteknu tímabili frá júní 2010 til maí 2011. Hafi hann á því tímabili m.a. séð um skattskil félagsins en ekki eftir það. Eftir það hafi Ágúst verið í forsvari en A fjármálastjóri, án þess að hann gæti lýst verkaskiptingu á milli þeirra frekar. Þá hafi Ágúst tekið við sem daglegur stjórnandi frá 16. júlí 2012

A: Vitnið kvaðst hafa haft með höndum skattskil félagsins en að þeim hefðu einnig komið aðrir starfsmenn. Í fyrstu hafi Ágúst Alfreð verið hans yfirmaður en eftir að Q hefði komið til starfa hefði vitnið litið á þá báða sem sína yfirmenn þó hann hefði í sínum störfum leitað meira til Q, sér í lagi á því tímabili sem Ágúst hefði verið búsettur í [...] og Q farið með framkvæmdastjórn. Kvaðst hann ekki vita til annars en að Ágúst og Q hefðu alla tíð starfað náið saman.

Niðurstaða

Ákæruliður 1 og 2

Ákærða er samkvæmt ákæruliðum þessum gefið að sök að hafa ekki á lögmæltum tíma staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum Y nánar tilgreind uppgjörstímabil og að hafa eigi staðið ríkissjóði skil á innheimtum virðisaukaskatti í rekstrinum vegna nánar tilgreindra uppgjörstímabila samkvæmt sundurliðun í ákæru. Jafnframt að hann hafi ekki staðið skil á skilagreinum Y fyrir nánar tilgreind uppgjörstímabil á lögmæltum tíma og að hafa eigi staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna samkvæmt nánari sundurliðun í ákæru. Byggt er á því að á þessum tíma hafi ákærði borið ábyrgð á skattskilum Y, fyrst sem framkvæmdastjóri en síðar sem daglegur stjórnandi.

Ekki er uppi tölulegur ágreiningur í málinu. Ágreiningslaust er að skráningar um fyrirvar ákærða í fyrirtækjaskrá RSK eru réttar og í samræmi við tilkynningar frá félaginu. Hvað skráningar varðar benti ákærði þó á að hann hefði gegnt stöðu útibússtjóra Y en ekki framkvæmdastjóra útibúsins eins og fram komi í ákæru.

Dómurinn vísar því á bug að framangreind ónákvæmni hafi þýðingu hvað varðar refsinemi verknaðar ákærða, en ágreiningslaust er að um ábyrgð útibússtjóra fari samkvæmt XVI. kafla laga um einkahlutafélög.

Ákærði reisir varnir sínar á því að þrátt fyrir skráninguna hafi Q farið með framkvæmdastjórn og borið skyldur sem slíkur, allt til maí 2012. Hafi ákærði fyrst komið að rekstrinum um áramótin 2012.

Framburður hans fær að hluta til stoð í vitnisburði A, en hann kvað Q þó ekki einan hafa borið ábyrgð. Hafi ákærði verið eigandi félagsins og yfirmaður og sinnt skyldum sínum innan tímabilsins.

Í 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt er refsing lögð við því ef skattskyldur maður afhendir ekki á lögmæltum tíma virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða bar skylda til að innheimta. Brot samkvæmt ákvæðinu er fullframið þegar skattur, sem innheimtur var eða bar að innheimta, er ekki afhentur á réttum tíma.

Skyldur framkvæmdastjóra eru ótvíræðar samkvæmt 1.–3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, eins og áður er vikið að í tengslum við I. kafla ákæru. Sem slíkur bar ákærði ábyrgð á að standa skil á virðisaukaskatti og opinberum gjöldum sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, eins og þar er jafnframt rakið. Sannað þykir að ákærði hafi í krafti stöðu sinnar borið raunverulega ábyrgð á rekstri Y það tímabil sem um ræðir, fyrst í samræmi við opinbera skráningu og síðar sem daglegur stjórnandi. Gildir hér einu þó að Q hafi sinnt afmörkuðum þáttum daglegs rekstrar á tímabilinu enda hefur ekki verið sýnt fram á að hann hafi verið einráður í ákvarðanatöku. Þá er ósannað að ákærði hafi ekki eða lítið sem ekkert komið að rekstrinum vegna veru hans í [...] og [...] á tímabilinu.

Þá vísast til þess sem áður er rakið í tengslum við fyrri ákærukafla um innborganir inn á skattskuld.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök samkvæmt ákæruliðum þessum og eru brot hans rétt færð til refsíákvæða.

III. kafli ákæru

Atvik eiga rætur að rekja til tveggja verksamninga sem [...] félagið Y gerði við Z um uppsteypu og fullnaðarfrágang annars vegar á [...] 17. september 2018 og hins vegar á [...] 20. nóvember 2009. Hið [...] félag starfrækti áður nefnt útibú, Y á Íslandi (Y), sem var í bankaviðskiptum við P. (nú Æ). Með yfirlýsingu dags. 4. apríl 2011 var innstæða á reikningi félagsins nr. [...], eins og hún var á hverjum tíma, sett bankanum að handveði.

Með yfirlýsingu dags. [...] 2011 veitti Y P veð til tryggingar öllum skuldum sínum við bankann í almennum kröfum sem hann ætti, samkvæmt útgefnum reikningum, á hendur [...]sviði Z vegna verksamninganna tveggja. Z var send

tilkynning um veðsetninguna samdægurs á grundvelli 46. gr. laga nr. 75/1997 um sanningsveð. Þar kemur fram að greiðslur Z samkvæmt verksamningunum tveimur skyldu lagðar inn á fyrrgreindan reikning hjá Þ Var framkvæmd greiðslna frá Z til verktakans í kjölfarið í samræmi við þetta fyrirkomulag.

Vorið 2012 kom til ágreinings milli Z og Y um efndir á verksamningunum sem leiddi til þess að báðir aðilar lýstu yfir riftun samninganna. Deila þessi leystist þegar aðilar rituðu undir samkomulag þann [...] 2012 um lokauppgjör vegna hvors [...] fyrir sig. Skyldi Z greiða Y 12.438.700 kr. sem lokauppgjör vegna framkvæmda við [...] og 37.666.300 kr. vegna [...] eða samtals 50.105.000 kr. Í hvoru samkomulagi fyrir sig segir að leggja skuli lokagreiðslurnar inn á reikning verktakans nr. [...] hjá Ö og var það gert.

Þegar í ljós kom hvert greiðsla Z hafði runnið kærði Þ forsvarsmenn Y til lögreglu og einnig þá starfsmenn Z sem komið höfðu að samningum um ráðstöfun lokauppgjöranna. Þá höfðaði bankinn auk þess mál á hendur Z og tilteknum starfsmanni til greiðslu á hinni handveðsettu skuld við bankann. Með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 148/2014, sem kveðinn var upp 13. nóvember 2014, var Z gert að greiða Þ 28.281.218 kr., eða sem nam yfirdrætti á reikningi félagsins hjá bankanum auk vaxta og kostnaðar.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna við aðalmeðferð málsins, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess.

Ákærði Ágúst Alfreð kannaðist við að hafa gegnt stöðu framkvæmdastjóra Y í [...] og verið daglegur stjórnandi Y 12. júní 2012. Kvaðst hann hafa komið að því að óska eftir factoring-þjónustu við Þ. Hafi hann m.a. farið á fund bankastjóra á einhverjum tímamarki. Ekkert sérstakt samráð hafi verið haft við hann við gerð handveðsyfirlýsingar og samkomulags sem liggja fyrir í málinu. Hann hafi þó vitað af því að reikningar félagsins voru veðsettir hjá Þ.

Ákærði kannaðist við undirskrift sína um verklok við [...] og [...] og samkomulag um lokauppgjör. Hafi það farið fram á grundvelli fyrri samninga um [...]. Kvað ákærði lokauppgjórið ekki hafa verið vegna unninna verka en kröfurnar hefðu orðið til vegna þeirra verka. Væri það hans skilningur að ósamþykktir reikningar hefðu komið inn í uppgjórið en ekki samþykktir. Kvaðst hann ekki hafa upplýst Þ um viðræður um lokauppgjör. Ákærði kannaðist við að hafa sett fram beiðni um að greiðslur vegna lokauppgjöra vegna verksamninga um [...] og [...] færu inn á reikning hans hjá Ö. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa viljað „blanda saman“ reikningum, þ.e. að „ófactoreraðir“ reikningar væru þar á meðal.

Ákærði kvað „profactoring“ „-fjármögnun hafa verið leið félagsins til þess að fá lánaþingreiðslu en hún fólst í því að fá yfirdráttaheimild sem hefði numið

ákveðnu hlutfalli af samþykktum reikningum. Lýsti hann fyrirkomulagi þess og samskiptum við Z í tengslum við að fá reikninga samþykkt vegna framkvæmdanna. Til að byrja með hafi allt gengið vel en þegar ákærði hefði tekið við 2012 þá hefði allt verið verulega þungt í vöfum. Greiðslur reikninga hafi m.a. dregist vegna vanda með verkstöðu. Kröfur hafi myndast vegna aukaverka og viðbótarverka sem ágreiningur hafi verið um.

Q kannaðist við að hafa haft aðkomu að verkefnum varðandi [...] og [...]. Hafi samstarf við Z gengið vel lengst framan af. Þegar róðurinn hafi farið að þyngjast og lítið verið um fjármagn hafi verksamningar verið sniðnir eftir greiðslugetu, þ.e. lengt í þeim. Kvaðst vitnið hafa verið á löngum verkstöðufundum þar sem farið hafi verið vel yfir aukakröfur sem settar voru fram og reynt að semja. Hafi verið sjaldgæft að reikningur fengist greiddur óbreyttur. Hafi verið mikill þrýstingur að klára verkin fyrir haustið 2011. Framvindureikningar hafi ávallt verið undanfari hinna eiginlegu reikninga en vitnið hafi séð um þá. A hafi sennilega gefið út reikningana sjálfa í lokin.

Vitnið kvaðst ekki hafa átt frumkvæði að því að leitað var til Þ en hann hafi verið beðinn um að ná í yfirlýsingarnar og skrifa undir fyrir þeirra hönd. Hafi hann farið í bankann til þess. Hafi hann stutt þessa leið til þess að fá fyrirgreiðslu. Hafi þetta orðið til þess að tekjuflæðið og lausafjárstaða félagsins lagaðist. Hafi hann ekki verið í neinum samskiptum við Þ vegna þessa en hafi vitað af því sem var í bígerð. Það hafi því ekki komið honum á óvart að vera beðinn um að rita undir fyrrgreind skjöl en hann hafi verið með prókúruumboð. Þá kvaðst vitnið ekki hafa átt neina aðkomu að lokauppgjörum vegna verkanna.

Eftir maí 2011 hafi sú breyting orðið á störfum hans að hann hafi farið meira á verkstaðina og hafi því ekki haft vald til þess að taka lokaákvæðanir um greiðslur.

B kvaðst hafa starfað hjá Z á þeim tíma sem um ræðir. Samkomulag hafi verið við Y um að gera upp verksamninga sem hefði verið rift. Vinna þeirra hefði falist í því að gera upp verkþætti hvors verks um sig. Hefði lokauppgjórið eingöngu tekið til unninna verkþátta sem ekki höfðu verið greiddir áður vegna verka sem sannanlega höfðu verið unnin. Þá hafi Z mótttekið greiðslufyrirmæli og tiltekin fjárhæð verið lögð inn á reikning í Ö. Vitnið kvaðst hafa haft vitneskju um að á grundvelli handveðsyfirlýsingar hefðu greiðslur áður farið inn á reikning hjá Þ. Þarna hafi hins vegar komið fram beiðni um nýjan greiðslustað að ósk verktakans. Hafi það því verið hans skilningur að það hafi verið heimilt að haga greiðslum í samræmi við þá ósk enda verið að ganga frá lokagreiðslu.

F kvaðst hafa verið starfsmaður Þ á [...]sviði á þeim tíma sem um ræðir og séð um mál Y. Upphaflega hafi fyrirsvarsmenn félagsins óskað eftir viðskiptum við bankann. Í gegnum tíðina hefði hann haft samskipti við Ágúst, A og Q. Vitnið lýsti aðdraganda að gerð handveðsyfirlýsinganna og þess greiðslufyrirkomulags sem var

við lýði, svokallað factoring sem hafi í raun verið lán út á samþykktu reikninga. Aðspurður kvað hann Q hafa undirritað handveðsyfirlýsingar fyrir Y, samkvæmt stöðuumboði. Um vorið 2012 hafi samskiptin við forsvarsmenn minnkað og erfitt hafi verið að ná í þá. Reikningur þeirra hafi verið í skuld og að endingu hafi bankinn sótt á Z. Hin neikvæða staða hafi verið vegna reikninga sem fengust ekki greiddir.

E kvaðst hafa starfað sem sérfræðingur í [...]deild Z á þeim tíma sem um ræðir. Hans aðkoma hafi verið sú að stemma af bókhald en C hafi aðstoðað hann við að para saman reikninga. Minnti hann að þá hefðu þeir verið að vinna með samþykktu reikninga aftur í tímann. Hafi útistandandi skuld verið tilkomin vegna aukaverka.

D kvaðst hafa haft aðkomu að máli þessu sem fjármálastjóri Z. Hafi hann aðeins haft aðkomu í samþykktarferli þegar um var að ræða reikninga af ákveðinni stærðargráðu. Hans hlutverk hafi verið að fara yfir þá og eftir atvikum samþykkja greiðslu þeirra. Fyrr í ferlinu hafi C, B og sviðsstjóri komið að málum og séð um öll samskipti.

C kvaðst hafa starfað sem verkefnisstjóri hjá Z á árunum 2011–2012. Hafi hans hlutverk m.a. verið að stýra framkvæmdum vegna [...] og [...] og hafi hann því verið í samskiptum við Y vegna þeirra. Lýsti vitnið fyrirkomulagi á verkstöðufundum. Framkvæmdin hafi gengið vel framan af eða þar til ljóst var að þeir gætu ekki lokið verkinu. Lýsti vitnið því að reikningar frá Y hafi komið rafrænt til hans til samþykktar eða synjunar og síðan farið áfram til annarra starfsmanna. Þegar ljóst hafi verið að verkunum yrði ekki lokið hafi verið ákveðið að gera verkin upp, þ.e. það sem þegar hafði verið gert, en ósamþykktir reikningar verið sendir til baka. Hafi þeir komist að samkomulagi um það sem eftir var og hafi uppgjörin verið greiðsla fyrir unnin verk.

A lýsti aðkomu sinni að lokauppgjörum vegna [...] og [...] fyrir Y.

Niðurstaða

Samkvæmt ákærulið þessum eru ákærða Ágústi gefin að sök skilaskvik samkvæmt 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fyrir liggur að með yfirlýsingu þann 4. apríl 2011 setti Y að handveði innstæðu sína á nánar tilgreindum reikningi hjá P hf. Með yfirlýsingu 12. sama mánaðar veitti Y bankanum veð í almennum kröfum sem félagið átti á hendur Z vegna tveggja verksamninga vegna [...] annars vegar og [...] hins vegar. Z var tilkynnt um veðsetninguna sama dag og í tilkynningunni komu fram fyrirmæli um að greiðslur samkvæmt verksamningunum skyldu greiddar inn á fyrrnefndan reikning hjá P.

Óumdeilt er að ákærði var í forsvari fyrir Y á þeim tíma sem um ræðir. Hafði hann forgöngu um að að leitað var til P á sínum tíma. Ákærði viðurkenndi fyrir dómi að eftir að lokauppgjör fór fram á milli félagsins og Z í kjölfar riftunar verksamninganna hefði hann tekið ákvörðun um og beint tilmælum til starfsmanna

[...]sviðs Z um greiðslu andvirðis tveggja lokauppgjöra vegna verksamninganna, samtals 50.105.000 krónur, inn á bankareikning Y hjá Ö. Fær það stoð í framburði vitna og gögnum málsins.

Varnir ákærða eru á því reistar að háttsemi hans hafi ekki verið ólögumæt enda hafi veðréttindi Þ ekki náð til krafna vegna lokauppgjöranna. Ráðstöfun greiðslanna hafa því ekki raskað réttindum bankans. Það fyrirkomulag sem hafi verið viðhaft vegna fjármögnunar þeirra verka sem Y hefði tekið að sér fyrir Z hefði aðeins verið vegna samþykkttra reikninga og því ótengt lokauppgjörinu. Þá hafi háttsemi hans ekki verið saknæm enda hafi hann ekki haft ásetning til þess að brjóta gegn betri rétti bankans.

Framangreind ráðstöfun ákærða samræmdist ekki því samkomulagi sem hann hafði áður gert við Þ samkvæmt framangreindum yfirlýsingum. Mátti ákærða vera ljóst að ráðstöfun hans fæli í sér fjártjónshættu fyrir bankann enda gat hann á engan hátt litið svo á að bankinn væri samþykktur ráðstöfuninni án samráðs við fulltrúa bankans. Gildir hér einu þó að hann hafi á sínum tíma ekki ritað eigin hendi undir handveðsyfirlýsingu og yfirlýsingu um veð í almennum fjárkröfum enda var það gert í umboði Y af þar til bærum aðila og með vitund og vilja ákærða.

Með háttsemi sinni braut ákærði gegn veðréttindum bankans en brot hans var fullframið er fyrirmælum var beint til Z um að leggja lokagreiðslurnar inn á annan reikning en þann sem upphaflega var samið um, en sá var þá yfirdreginn. Þar sem fullframningarstig 250. gr. almennra hegningarlaga er fært fram þarf ekki að sýna fram á að raunverulegt tjón hafi af hlotist heldur er nægilegt að háttsemin feli í sér verulega fjártjónshættu. Sú var raunin í þessu tilviki, eins og áður segir. Því hefur það hvorki áhrif við sakarmat í máli þessu hvort einstakir reikningar í tengslum við verkin sem ákærði tók að sér hafi verið samþykktir eða ekki né hvort þeir hafi verið hluti af lokauppgjóri vegna þeirra. Lokauppgjörin voru sannarlega afsprengi þeirra verka sem ákærði hafði tekið að sér og gat hann ekki litið svo á sem þau væru undanskilin og veðsetning Þ niður fallin.

Samkvæmt framansögðu hefur ákærði gerst sekur um skilsvik og er háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

II.

Refsíákvörðun

Ákærðu hafa samkvæmt framlögðum sakavottorðum ekki áður gerst sekir um refsiverðan verknað.

Við ákvörðun refsingar er litið til þess að um stórfelld skattalagabrot var að ræða og er í þessu sambandi litið til fjárhæða þeirra sem undan voru dregnar, en þær voru verulegar í tilviki ákærða Ágústs Alfreds. Hliðsjón er höfð af 77. gr. almennra

hegningarlaga í hans tilviki. Þykir refsing Ágústs Alfreðs hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og refsing Q fangelsi í þrjá mánuði.

Skilyrði eru til þess að fresta fullnustu refsingar ákærðu skilorðsbundið eins og nánar greinir í dómsorði. Í því sambandi er litið til þess hve langt er um liðið frá því að brot ákærðu voru framín. Þá varð óútskýrður dráttur í tengslum við III. kafla ákæru er varðar ákærða Ágúst Alfreð, en ekki verður annað séð en að rannsókn hafi að verið að mestu lokið á árinu 2015.

Ákærðu verða samhliða skilorðsbundinni refsingu dæmdir til greiðslu sektar samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Verður sekt miðuð við lögbundið lágmark í samræmi við kröfu ákæruvaldsins, eða tvöfalda skattfjárhæð af þeirri fjárhæð sem vangreidd var eða samtals 237.623.978 kr. hvað ákærða Ágúst Alfreð varðar en 6.571.309 kr. hvað varðar ákærða Q, sem greiðist til ríkissjóðs, en ella sæti Ágúst Alfreð fangelsi í 360 daga en Q í 120 daga.

Ákærði Ágúst Alfreð greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Egils Egilssonar lögmanns, 3.162.000 kr., og málsvarnarþóknun Guðmundar Ingólfssonar lögmanns, 84.320 kr., vegna þeirrar vinnu sem hann innti af hendi á rannsóknarstigi.

Ákærði Q, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Eiríkssonar lögmanns, 843.200 kr., og Daða Elíassonar lögmanns, 737.800 kr., vegna vinnu hans á rannsóknarstigi og að hluta eftir málshöfðun.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ágúst Alfreð Snæbjörnsson, sæti fangelsi í tvö ár en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falli niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Ágúst Alfreð greiði 237.623.978 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella fangelsi í 360 daga.

Ákærði, Q, sæti fangelsi í þrjá mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falli niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Q greiði 6.571.309 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella fangelsi í 120 daga.

Ákærði Ágúst Alfreð greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Egils Egilssonar lögmanns, 3.162.000 krónur, og málsvarnarþóknun Guðmundar Ingólfssonar lögmanns, 84.320 krónur.

Ákærði Q greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Eiríkssonar lögmanns, 843.200 krónur, og Daða Elíassonar lögmanns, 737.800 krónur.